Hvað eru kynin mörg?

Höskuldur Þráinsson

ÍSLENSKU-
OG MENNINGARDEILD

Skipulag

- Markmið
- Um kyn í íslensku máli
- Samræmiskyn og vísandi kyn
- Sjálfgefið málfræðilegt kyn
- Meira um verkaskiptingu kynjanna
- Lýsandi málfræðireglur, málkerfi og máltilfinning
- Samanburður við tvö nágrannamál
- Reglur og hefðir

Markmið

- Að skýra fyrirbærið *kyn* í íslensku máli og stöðu þess í málkerfinu til að auðvelda umræðu um efnið.

Um kyn í íslensku máli

Algeng lýsing þegar **nafnorð** eiga í hlut:

	kyn	
	málfræðilegt	merkingarlegt
fress	hk	kk
kvíga	kvk	kvk
hundur	kk	?
skáld	hk	?
hetja	kvk	?
nemandi	kk	?

Málfræðilegt kyn nafnorða er **fast**.

Um kyn í íslensku máli

Kyn**beyging** kemur fram í nokkrum orðflokkum:

- lýsingarorð, lýsingarháttur þt., fornöfn af ýmsu tagi, töluorð …

Spurning:

- Hvað ræður kyni kynbeygjanlegra orða?

- Í íslensku er líklega algengast að kynbeygjanleg orð sýni **samræmi í málfræðilegu kyni** við nafn**orð** sem þau standa með eða eiga við:
  - ***gamalt*** (hk) *fress* (hk), *hundurinn* (kk) *er* ***skemmtilegur*** (kk), *Guðrún er* ***gott*** *(hk)* *skáld (hk)*, *Börn* (hk) *geta verið* ***efnilegir*** (kk) *nemendur* (kk) *þótt* *þau* (hk) *eigi margt ólært*

Önnur spurning:

- Kemur **merkingarlegt kyn** ekkert við sögu í kynbeygingu kynbeygjanlegra orða?

Samræmiskyn og vísandi kyn

Dæmi til skoðunar:

(1) a. **Forseti** Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar **hann** tekur við störfum (ákvæði í Stjórnarskrá Íslands) [samræmiskyn]

b. eftir að núv. forseti Íslands lýsti því yfir að **hún** mundi ekki gefa kost á sér til endurkjörs (Svavar Gestsson í þingræðu 11.12.1995, fundið í Risamálheildinni)

Hvað er í gangi í (1b)? vísandi kyn, vísar í tiltekinn einstakling

Spurning: Hvenær fáum við helst málfræðilegt samræmi?

Samræmisstigveldið (e. *agreement hierarchy*, sjá t.d. Corbett 2006; Guðrúnu Þórhallsdóttur 2015; Þorbjörgu Þorvaldsdóttur 2017) – gildir í mjög mörgum tungumálum:

- hliðstætt ákvæðisorð > sagnfylling > persónufornafn

Samræmiskyn og vísandi kyn

Fleiri dæmi (a-c fundin í Risamálheildinni):

(2) a. skáldið „ídealíserar“ hana ekki, en **það** … [samr.]
b. skiftir allmiklu máli fyrir skáldið … því að **hann** … [vís.]
c. skáldið hefur þurft að valda þeim vonbrigðum
þar sem **hún** … [vís.]
d. **Sjálfur** var skáldið eins og jurt …(Þórarinn Eldjárn). [vís.]
(sbr. blaðadeilu ÞE og Hallbergs Hallmundss. í Mbl. 1996)

Sjálfgefið málfræðilegt kyn

Spurning:

- Hvað gerist þegar kynbeygjanlegt orð á ekki við neitt nafnorð í textanum og vísar ekki heldur í neina persónu eða tiltekna einstaklinga?

Dæmi:

(3) a. **Hverjir** eru það sem halda því fram að misrétti ríki í heiminum? (Kristján Árnason 1980)
b. **Allir** græða/tapa á verðbólgunni (Eiríkur Rögnvaldsson 1990, 2013)
c. **Enginn** má fara illa með dýr (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005)
d. Í þessu húsi eru íbúðir fyrir **aldraða** (Höskuldur Þráinsson 2005)

Niðurstaða handbókanna:

- **Málfræðilegt karlkyn** er **sjálfgefið** í íslenskum dæmum af þessu tagi

Sjálfgefið málfræðilegt kyn

Fleiri dæmi um sjálfgefið málfræðilegt kyn (allt kk.):

(4) a. **Sumir** halda að tunglið sé úr osti
b. **Ýmsir** vona að kórónuveiran sé á förum
c. Að vera **ríkur** þykir eftirsóknarvert
d. Ég ætla að panta borð fyrir **fjóra**
e. **Sá** sem stal hjólinu mínu er **beðinn** að skila því strax
f. Ef **einhver** hringir þá segðu honum að ég sé ekki við
g. Ókei. Teljum upp að tíu: **Einn, tveir, þrír, fjórir**, fimm
h. **Margur** er ríkari en **hann** hyggur
i. Þjóð veit ef **þrír** vita

Spurning:

- Getur fólk sem elst upp í íslensku málumhverfi komist hjá því að túlka karlkynið í dæmum af þessu tagi (og handbókar-dæmunum á glærunni á undan) sem sjálfgefið, þ.e. þannig að það eigi ekkert sérstaklega við karla, sé kynhlutlaust?

Meira um verkaskiptingu kynjanna

Samræmiskyn og vísandi kyn (dæmin oft tekin frá öðrum)

(5)a. Þegar **gestir** koma eiga **þeir** að bíða í biðstofunni. [samr.]
b. Gestirnir koma kl. 6. **Þau** hafa öll verið bólusett. [vís.]

(6) a. **Krakkar** eru oftast **ánægðir** í íslenskum leikskólum. [samr.]
b. Krakkarnir mínir voru ánægð í leikskólanum. [samr.] [vís.]

(7) a. [Skáld (hk) og hetjur (kvk)] eru vinsæl í fornum sögum. [samr.]
b. [Ófríska skáldið og Jóna] voru **ánægðar** [vís.]
c. [Skeggjaða skáldið og Jóna] voru **ánægð** [vís.]

Niðurstaða:

- Ef vikið er frá málfræðilegu samræmi í dæmum af þessu tagi þá verður merkingin vísandi – verið er að vísa í tiltekna einstaklinga.

Meira um verkaskiptingu kynjanna

Sjálfgefið kyn og vísandi kyn

(8) a. Heyra allir í mér? [sjálfgefið]
b. Heyrið þið öll í mér? [vísandi]

(9) a. Nú ættu allir að klappa fyrir fundarstjóranum. [sjálfgefið]
b. Nú ættum **við öll** að klappa fyrir fundarstjóranum. [vísandi]

(10)a. Eru allir búnir með verkefnið? [sjálfgefið]
b. Eruð þið öll búin/allar búnar/allir búnir með verkefnið? [vísandi]

(11) a. Eru allir mættir? [sjálfgefið]
b.?Eruð þið öll mætt/allar mættar/allir mættir?

Sem sagt:

- Stundum er val um það hvort notað er sjálfgefið málfræðilegt kyn eða vísandi kyn – en ekki alltaf (sbr. (11b)).
- Fornöfn fyrstu og annarrar persónu geta framkallað vísandi túlkun (sbr. (8b, 9b, 10b))

Meira um verkaskiptingu kynjanna

Fréttir og fyrirsagnir

(12)a. Þrjár sóttu um starf skólastjóra.
[vísandi – umsækjendur eru síðan taldir upp í fréttinni]
b. Þrjú sóttu um starf skólastjóra.
[vísandi – umsækjendur eru síðan taldir upp í fréttinni]

(13) Þrír/Þrír sóttu um starf skólastjóra
[vísandi – umsækjendur eru síðan taldir upp í fréttinni]
eða: [sjálfgefið málfræðilegt kyn – bara verið að nefna tölu]

Dæmi úr *Skessuhorni* 23. maí 2017

Þrír sóttu um starf skólastjóra

Þrjár umsóknir bárust um starf skólastjóra Reykhólaskóla sem auglýst var laust til umsóknar fyrr í vor. Umsækjendur eru Valgeir Jens Guðmundsson kennari og Jón Einar Haraldsson kennari. Einn umsækjandi vill ekki láta nafns síns getið að svo stöddu …

Meira um verkaskiptingu kynjanna

Fréttir, frh.

(14) **Einn** greindist með kórónuveiruna í gær en **tveir** í dag.

Ef ekkert er vitað meira um fólkið og ekkert sagt meira um það er karlkynið hér í hinu sjálfgefna málfræðilega hlutverki, þ.e. kynhlutlaust – ekkert fullyrt um kyn hinna smituðu.

(15) **Einn** greindist með kórónuveiruna í gær en **tvö** í dag.

Eðlilegt að túlka hvorugkynið *tvö* sem vísandi og þá getur það t.d. ekki vísað til kvenna. Ef það kæmi síðar í ljós að um hefði verið að ræða tvær konur væri fréttin einfaldlega röng að mati flestra.

Meira um verkaskiptingu kynjanna

Auglýsingar:

(16)a. Allir velkomnir. [sjálfgefið]
b. Öll velkomin. ?

Athugasemdir tveggja málfræðinga um dæmi eins og (16b):

- Ágústa Þorbergsdóttir (2002): „Öll hver?"
- Anna Gunnarsdotter Grönberg (2002):

  There seems to be an unwritten "rule" of language use which is very productive among speakers of Icelandic: The neuter plural can only be used for personal and demonstrative pronouns when referring to a number of persons who are known (and preferably recently mentioned) in the context. When referring to a group of unspecified individuals or making a generic statement, the masculine plural is normally used.

Sem sé: Hvorugkyn fleirtölu er vísandi í dæmum af þessu tagi skv. þessu.

Spurning:

- Hvers konar „rule" er þetta sem Anna er að tala um?

Lýsandi málfræðireglur, málkerfi og máltilfinning

- Anna Gunnarsdotter Grönberg er að tala um þær reglur sem gilda í málinu og mynda mál**kerfið**. Málfræðingar reyna að komast að því hvaða reglur þetta eru og lýsa þeim. Þeir búa þær ekki til (ólíkt stafsetningarreglum t.d.).
- Málið er að mestu leyti reglulegt og kerfisbundið. Þess vegna geta börn tileinkað sér það eins auðveldlega og ómeðvitað og raun ber vitni.
- Máltilfinning okkar – eða málkennd – endurspeglar þessar reglur.
- Þessar reglur geta breyst í áranna eða aldanna rás, en við getum yfirleitt ekki breytt þeim „með handafli", m.a. vegna þess að við vitum sjaldnast hversu víðtækar þær eru.

Samanburður við tvö nágrannamál

Íslenska og sænska

(17)a. Besti nemandinn mætti ekki. Hún var veik. [vísandi]
b. Min bästa student kom inte. Hon var sjuk. [vísandi]

(18)a. Nemandinn skal skrifa um efni sem hann velur sér. [samr.]
b. ?Studenten ska skriva om ett ämne som **han** väljer.

- Málfræðilegt samræmi gengur hér ekki í sænsku af því að kynjakerfi nafnorða og fornafna passar (passaði) ekki saman: Í sænskum nafnorðum er enginn greinarmunur á málfræðilegu karlkyni og kvenkyni en í sænskum persónufornöfnunum er slíkur greinarmunur.

Tvær lausnir í sænsku:

(19)a. Studenten ska skriva om ett ämne som **han** eller **hon** väljer.
b. Studenten ska skriva om ett ämne som **hen** väljer. [samr.]

hen er nýtt fornafn í sænsku, fyrst tekið upp á síðustu öld í þessum tilgangi, síðar notað sem vísandi fornafn til að vísa til fólks sem telur sig hvorki karl né konu, sbr. *hán* í íslensku

Samanburður við tvö nágrannamál

Íslenska og færeyska:

(20)a. **Allir** velkomnir! [sjálfgefið]
b. **Øll** vælkomin! [sjálfgefið]

Karlkyn er yfirleitt sjálfgefið málfræðilegt kyn í íslensku en í færeysku er það yfirleitt hvorugkyn, sbr.:

íslenska:	færeyska:
sumir (kk.ft.) segja að ..	**summi** (hk.ft.) siga, at …
heimili fyrir **aldraða** (kk.ft.)	eitt heim fyri **gomul** (hk.ft.)
einn, tveir, þrír, fjórir (kk.)	**eitt, tvey, trý** (hk.)
Eru **allir** (kk.ft.) komnir?	Eru **øll** (hk.ft.) komin?
Þrír liggja á gjörgæsludeild í dag en **einn** í gær	**Trý** (hk.ft.) liggja á intensivari deild í dag men **eitt** (hk.et.) í gjár

Reglur og hefðir

- Í íslensku máli og færeysku máli gilda mismunandi reglur um málfræðilegt kyn. Þær eru hluti af mál**kerfinu** og málnotendur tileinka sér þær án tilsagnar og ómeðvitað.

- Stafsetningarreglur eru annars eðlis. Málfræðingar búa þær til. Þess vegna er hægt að breyta þeim (sbr. reglur um *z*).

- Í íslensku samfélagi gilti á tímabili sú hefð að þéra suma ókunnuga. Samsvarandi hefð gilti líka í færeysku samfélagi. Það var „ekkert mál“ að leggja þessar hefðir niður af því að þetta voru bara hefðir eða siðir, ekki hluti af málkerfinu.

- Margir íslenskir málnotendur hafa áreiðanlega tamið sér ýmsa ósiði í málnotkun sem þeir ættu að leggja af – og ættu auðveldlega að geta það þar sem þeir eru ekki hluti af málkerfinu. En reglurnar um kyn í málinu eru ekki þess eðlis.